



Reglur um afslátt af fasteignagjöldum fyrir elli- og örorkulífeyrisþega

1. gr.

Tekjulágum ellilífeyrisþegum, 67 ára og eldri sem og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Ísafjarðarbæ er veittur afsláttur af fasteignagjöldum, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjstofna sveitarfélaga.

2. gr.

Til að geta átt rétt á afslætti þarf greiðandi fasteignaskatts að uppfylla annað eftirfarandi:

- a) Að vera ellilífeyrisþegi, þ.e.a.s. hafa orðið 67 ára árinu á undan álagningarári.
- b) Að vera örorkulífeyrisþegi, þ.e.a.s. hafa a.m.k. 75% örorku á árinu á undan álagningarári. Einnig geta þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkjar á álagningarári sótt um hlutfallslega lækkun frá því að örorkumat tók gildi. Sama gildir um einstaklinga sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri.

3. gr.

Til að geta átt rétt á afslætti þarf fasteignin að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) Að vera íbúðarhúsnæði afsláttarþega þar sem hann hefur búsetu og á lögheimili. Afsláttarþegi sem fær vistun á stofnun á rétt til að njóta afsláttar það ár og næsta ár á eftir, enda hafi viðkomandi ekki leigutekjur af húsnæðinu.
- b) Að vera þinglýst eign afsláttarþega, hafa A skráningu í fasteignaskrá og vera staðsett á íbúðarsvæði samkvæmt skipulagi.

4. gr.

Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðili fullnægi skilyrðum sem veita rétt til afsláttar sbr. 2. grein. Falli annar aðilinn frá nýtur eftirlifandi óbreytt afsláttar út árið sem fráfalið átti sér stað á. Komi til hjóna- eða sambúðarslita skal fjárhæð afsláttar haldast óbreytt út viðkomandi álagningarár sé eignin í eigu annars eða beggja.

5. gr.

Afsláttur af fasteignagjöldum reiknast af fasteignaskatti og holræsagjaldi.

6. gr.

Tekjumörk og afsláttur.

- a) Afsláttur er veittur samkvæmt þeirri gjaldskrá velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar sem gildir á hverjum tíma.
- b) Hærri tekjur en birtast í gjaldskrá velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar gefa engan afslátt.

- c) Til tekna teljast tekjur sem mynda stofn til tekju- og útsvarsstofns að viðbættum fjármagnstekjum samkvæmt skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og sambúðarfólks.
- d) Hámarks afsláttur er veittur samkvæmt upphæð sem birtist í gjaldskrá velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar ár hvert.
- e) Við álagningu fasteignagjalda ár hvert er afsláttur unninn á sjálfvirkan hátt í gegnum vinnslu álagningarkerfisins. Forsendur eru sóttar í gegnum vefþjónustu RSK og byggist á tekjum þar síðasta árs.

7. gr.

Við fráfalið mála skulu fasteignaskattur og holræsagjald af íbúðarhúsnæði sem maki hins látna (hinnar látnu) á og býr í falla niður af fullu fyrsta árið, þó að hámarki því viðmiði sem birtist í gjaldskrá velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar frá 01. janúar ár hvert.

8. gr.

Umsóknarfrestur um afslátt af fasteignagjöldum er til og með 28. febrúar ár hvert.

9. gr.

Falli aðstæður umsækjanda um afslátt af fasteignagjöldum ekki undir þessar reglur er velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar heimilt að ákveða um afslátt fasteignagjalda og skulu reglur þessar þá hafðar til grundvallar, ásamt greinargerð.

10. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun reglna eða afgreiðslu mála skal málinu vísað til velferðarnefndar Ísafjarðarbæjar.

11. gr.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2026 og falla þá jafnframt úr gildi reglur Ísafjarðarbæjar um reglur um afslátt af fasteignagjöldum sem samþykktar voru 2024.

Samþykkt í velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar þann 19. nóvember 2025.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 20. nóvember 2025.

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar